

Fyrsti fundur Skólaráðs Garðaskóla

haldinn 18. desember kl.15.20.

Fundargerð

Samkvæmt nýjum grunnskólalögum sem gildi tóku í júlí 2008. ber skólastjóra grunnskóla að hafa forgöngu um stofnun skólaráðs sem tekur við þeim hlutverkum sem foreldraráð, kennararáð og nemendaráð að hluta samkvæmt eldri lögum.

Um starfsemi skólaráða hefur verið gefin út reglugerð (1157/2008) sem finna má á vefsíðu menntamálaráðuneytis og einnig á heimasíðu Garðaskóla.

Meginverkefni skólaráðs er að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fjallar því um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótnum sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Í skólaráði Garðaskóla sitja 9 fulltrúar samkvæmt lögum:

Tveir fulltrúar foreldra sem skipaðir voru úr fráfarandi foreldraráði Garðaskóla:

Helena Guðmundsdóttir (helenagu@hafnarfjordur.is)

Friðrik Ingi Friðriksson (ingi@seal.is)

Tveir fulltrúar kennara úr fráfarandi kennararáði Garðaskóla.

Guðrún Björk Einarsdóttir (gudrunb@gardaskoli.is)

Reynir Engilbertsson (reynir@gardaskoli.is)

Tveir fulltrúar nemenda úr nemendaráði Garðaskóla.

Eydís Lilja Eysteinsdóttir (eydislilja@hotmail.com)

Kristjana Björk Brynjarsdóttir (kristjanana@gmail.com)

Forstöðumaður Garðalundar sem fulltrúi grenndarsamfélags Garðaskóla

Gunnar Richardson (gunnar@gardaskoli.is)

Fulltrúi annarra starfsmanna en kennara Garðaskóla

Soffía Jacobsen (soffiaj@gardaskoli.is)

Skólastjóri Garðaskóla (ragnar@gardaskoli.is)

Aðstoðarskólastjóri Garðaskóla (throstur@gardaskoli.is)

Aðstoðarskólastjóri situr fundi skólaráðs og stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

Fyrsti fundur skólaráðs Garðaskóla var haldinn fimmtudaginn 18. desember 2008 kl.15.30.

Þrjú mál voru á dagskrá:

1. Formleg stofnun Skólaráðs – tilkynning um fulltrúa sem sitja frá 2008-2010.

Skólastjóri kynnti fundarmönnum ofangreindar tilnefningar um fulltrúa í Skólaráði Garðaskóla og lýsti yfir stofnun þess samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð sömu laga um Skólaráð grunnskóla.

2. Verkefni Skólaráðs – fundartími og fundatíðni.

Skólastjóri reifaði helstu verkefni Skólaráðs skv. lögum og samþykkt var að fundardagar ráðsins yrðu miðvikudagar kl.15.20. Næsti fundur yrði boðaður þegar drög að skóladagatali skólaársins 2009-2010 lægi fyrir.

3. Staðan í Garðaskóla – fjármál og aðrar áætlanir.

Skólastjóri kynnti ráðsmönnum stöðu fjárhagsáætlunar Garðabæjar og aðhaldsaðgerðir tengdar rekstri skólans vorið 2009.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 17.10.

Ragnar Gílason, skólastjóri Garðaskóla ritaði fundargerð.